



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

VIÐSKIPTARÁÐSTEFNA Í LUNDÚNUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun á morgun, fimmtudaginn 25. maí, flytja ræðu á viðskiptaráðstefnu sem Útflutningsráð efnir til í Lundúnum.

Viðskiptaráðstefnan er haldin til að veita yfirlit yfir íslenskt viðskiptalíf, kynna framtíðaráform og ræða þá lærdóma sem draga má af þróuninni undanfarið.

Meðal annarra ræðumanna á ráðstefnunni eru stjórnendur ýmissa öflugra íslenskra fyrirtækja sem gert hafa sig gildandi í Bretlandi og víðar í veröldinni á undanförunum árum.

24. maí 2006

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).